

## 4. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er með heimild í 6. gr. laga nr. 24 frá 1. febrúar 1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum, og 1. gr. reglugerðar nr. 284 frá 19. september 1973, um merkingu matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara sem seldar eru í smásölu, öðlast gildi hinn 1. júní 1976.

*Viðskiptaráðuneytið, 6. maí 1975.*

**Ólafur Jóhannesson.**

*Gylfi Knudsen.*

**S A M Þ Y K K T**

**um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Austur-Skaftafellssýslu,  
nr. 76 17. mars 1969.**

## 1. gr.

67. gr. orðist svo:

Ökuhraða bifreiða skal ávallt stilla svo, að komist verði hjá slysum og þannig, að umferð um götuna sé ekki trufluð, og má ökuhraði aldrei vera meiri en 45 km. á klukkustund. Þar sem bifreiðarstjóri sér skammt frá sér, í kröppum bugðum, við gatnamót, þar sem vegur er sleipur og þar sem mikil umferð er, skal gæta sérstakrar varúðar, og má þar aldrei aka hraðar en svo, að stöðva megi bifreiðina þegar í stað. Sé for eða hleyta á götu, skal aka svo að ekki slettist á aðra vegfarendur, gangstéttir eða byggingar.

## 2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Austur-Skaftafellssýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 107 8. maí 1935 um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2. maí 1975.*

**Ólafur Jóhannesson.**

*Ólafur W. Stefánsson.*